

Nd.

142. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um horfelli á skepnum o. fl., 9. febr. 1900.

Flutningsmenn: Jón Jónsson, N.-Múl., Sigurður Sigurðsson
og Bjarni Jónsson frá Vogli.

1. gr.

Ef einhverjir, er fé hafa á fóðrum, setja mjög ógætilega á eða fara illa með fénað sinn, annaðhvort fyrir hirðuleysi eða harðýðgi, má hreppsnefnd hve nær sem er fela skoðunarmönnum eða þeim, er hún kveður til, að skoða hjá þeim mönnum og áminna þá að bæta ráð sitt. Ef brýn þörf er, geta skoðunarmenn þessir gert ráðstafanir til, að bætt verði úr fóðurskortinum eða meðferð fjárens á kostnað þeirra, er hlut eiga að máli.

2. gr.

Óhlýðni gegn 1. gr. varðar sektum.

3. gr.

5. gr. laga 9. febr. 1900 um horfelli á skepnum o. fl. er úr lögum numin.